

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2023  
Tilvísun: 2023101615/I.E.M.

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands

### 1.

Persónuvernd vísar til beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis frá 11 október 2023 um umsögn um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands (þskj. 242, 293. mál á 154. löggjafarþingi).

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að Mannréttindastofnun Íslands muni starfa á vegum Alþingis. Lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og reglugerð (ESB) 2016/679 gilda því ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í tengslum við starfsemi stofnunarinnar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2018. Engu að síður telur Persónuvernd mikilvægt að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

### 2.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimildir Mannréttindastofnunar til upplýsingaöflunar og eftirlits. Þar kemur fram að stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum sé skylt að veita Mannréttindastofnun Íslands allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem stofnunin telur nauðsynlegar til þess að geta sinnt hlutverki sínu, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum við ákvæði 7. gr. frumvarpsins segir að til þess að stofnunin geti sinnt eftirlitshlutverki sínu megi gera ráð fyrir því að hún þurfi í einhverjum tilvikum að afla viðkvæmra og persónugreinanlegra upplýsinga. Fram kemur að við beitingu heimildarinnar ber stofnuninni að gæta meðalhófs, auk þess sem hliðsjón skal höfð af lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, þótt starfsemi stofnunarinnar falli utan gildissviðs laganna.

Persónuvernd áréttar einnig mikilvægi þess að við framangreinda vinnslu persónuupplýsinga verði gætt að öllum meginreglum persónuverndarlaga, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Sérstaklega er mikilvægt að gætt sé nægilega að öryggi þeirra persónuupplýsinga sem aflað er hverju sinni í tengslum við starfsemi Mannréttindastofnunar Íslands.

### 3.

Að mati Persónuverndar geta þau verkefni, sem Mannréttindastofnun er falið að sinna samkvæmt frumvarpinu, í einhverjum tilvikum skarast á við verkefni annarra stofnana sem hafa eftirlit með mannréttindum á ákveðnum sviðum, þ.á.m. Persónuverndar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og 1. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er það meðal markmiða persónuverndarlöggjafarinnar að stuðla að því




að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallar sjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Þannig fellur það undir valdsvið Persónuverndar að fara með eftirlit með ákveðnum grundvallarréttindum einstaklinga. Lítur Persónuvernd svo á með stofnun Mannréttindastofnunar Íslands sé ekki hróflað við þeim verkum sem Persónuvernd eru falin samkvæmt landslögum og reglugerð (ESB) 2016/679.

---

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins að svo stöddu.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

  
Edda Þuríður Hauksdóttir

  
Ingunn Elísabet Markúsdóttir